

LÖG

um

sölu á kirkjujörðinni Snæringstöðum í Vatnsdal.

28
15. júní

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórnæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Allþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að selja hreppsnefnd Áshrepps kirkju-
jörðina Snæringstaði í Vatnsdal.

2. gr.

Um söluna fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 50, 16. nóv. 1907, um
sölu kirkjujarða.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.